

# Foreldrafélag Hamravallaleikskóla.

**Fundur Dags: 30.03.2023**

Mættir á fundinn vegna vorannar sem haldinn var á Hamravöllum: Ólöf Atladóttir, Hrafnhildur Ágústsdóttir, Gunnar Torfi Hauksson, Birgir Örn Þorsteinsson, Helga Jakobsdóttir.

## Eftirfarandi aðilar skipa foreldrafélagið starfsárið 2022-2023.

Ólöf Atladóttir - Formaður

Hrafnhildur Ágústsdóttir - Gjaldkeri

Gunnar Torfi Hauksson

Birgir Örn Þorsteinsson

Aðalheiður Kristín Jónsdóttir

Helga Jakobsdóttir – Tengiliður leikskóla

## **UMRÆÐA Á FUNDI**

### Innheimta gjöld

Purfum að stofna kröfur og rukka fyrir foreldrafélagið.

Ákveðið að halda áfram að rukka félagsgjöld tvisvar sinnum á ári en ekki í lok skólaárs.

Núverandi gjald í foreldrafélag er því eftirfarandi: 2000kr per barn. (2x yfir skólaár.)

Ef greitt fyrir 2 börn þá afsláttur fyrir barn nr.2 = 30%

Ef greitt fyrir 3 börn þá afsláttur fyrir barn nr.3 = 50%

Staða reiknings. 30.03.2023 – 29.928kr.

## Hamravalladagurinn 16.06.2023

Hamravalladagurinn verður haldinn 16. júní 2023.

Síðustu árin hefur foreldrafélagið séð um:

- Andlitsmálningu (Helga athugar)
- Sumarleikföng (sápukúlur)
- Skemmtiatriði (athuga með hoppukastala, Leikhópin Lottu, Einar einstaka og fleiri atriði)

Ákveðið var að panta skemmtiatriði frá Leikhópnum Lottu og eru þau bókuð kl 15:25.

## Útskriftargjöf

Höfum verið að kaupa tréliti síðustu ár fyrir útskriftarhóp (hversu mörg útskriftarbörn – 19 í ár)

Ætlum að halda okkur við það.

## **Skólamyndataka**

Hafa hana í maí eða strax í júní.

Gunnar hjá Barnamyndum eða Nanna hjá Fókal.

## **Sveitaferð**

Á fundi foreldrafélagsins var ákveðið að ekki væri hægt að fara í sveitaferð né halda hitting í t.d. Guðmundarlundi vegna skorts á fjármagni. Verður endurskoðað á næsta ári.

## **Fréttabréf**

Setja upp Fréttabréf og gefa út. Nota sniðmát frá því í fyrra og uppfæra. Fréttabréfið verður sent út um það leyti sem greiðsluseðlar fyrir gjöldunum munu berast foreldrum.

## **Gjöf til Leikskólans**

Foreldrafélagið þarf að skoða stöðuna þegar innheimta gjalda hefur verið kláruð og öll vordagskrá greidd.

Ekki liggur fyrir upphæð sem hægt verður að nota.

Helga ætlar að athuga með hugmyndir, en í fyrra gáfum við leikskólanum tvö hjól fyrir útisvæðið.

## **Verkefni**

<b>Aðili</b>	<b>Verkefni</b>
Ólöf	Fréttabréf
Ólöf	Kaupa tréliti
Helga	Athuga andlitsmálningu og gjöf til leikskólans.